

237/38

Fundur haldinn í héraðsráði mánudaginn 15. jan. 2007 kl. 13:00 á skrifstofu héraðsnefndar.

Mættir voru: Valgarður Hilmarsson, Adolf H. Berndsen og Tryggvi Jónsson.

Dagskrá:

- 1. Skólamál**
- 2. Brunavarnir**
- 3. Byggingareftirlit**
- 4. Málefni Tónlistarskólans**
- 5. Skýrsla frá Línuhönnun**
- 6. Önnur mál.**

1. Mættur er á fundinn Guðjón Ólafsson fræðslustjóri, fór hann yfir verkefni og skipulag fræðsluskrifstofunnar. Rætt var um ályktun héraðsnefndarfundar 13. des. s.l. og hugsanlega aðkomu hans. Framkvæmdastjóra var falið að ræða við starfsmenn Sambands ísl. sveitarfélaga um mögulega ráðgjöf og vinnu þeirra að verkefninu.
2. Héraðsráðið lýsir yfir stuðningi við könnun Brunavarna A-Hún. á auknum samstarfmöguleikum á svæðinu. Framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við Brunavarnir A-Hún. um málið
3. Framkvæmdastjóra er falið að afla upplýsinga hjá sveitarfélögunum um byggingareftirlit á þeirra svæði.
4. Framkvæmdastjóra falið að boða fund með skólanefnd og skólustjóra Tólistarskólans um málefni skólans.
5. Lögð fram skýrsla Línuhönnunar um ástand og viðhaldspörf fasteigna í eigu og umsjá héraðsnefndar.
6. Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:00.

Valgarður Hilmarsson

Tryggvi Jónsson

Adolf H. Berndsen